

4. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

5. Flutningar.

Ef talsimanotandi þarf að láta flytja símatæki þau, er hann hefur til afnota, skal hann tilkynna það skriflega hlutaðeigandi stöðvarstjóra, sem lætur því næst framkvæma flutninginn svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrir fram.

XV. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 frá 1941 um fjarskipti svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og gengur í gildi 1. ágúst 1981. Reiknast nýju gjöldin fyrir teljarskref aðeins af símtölum, sem fram fara 1. ágúst 1981 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá og reglur nr. 226 5. maí 1981.

Samgönguráðuneytið, 30. júlí 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

30. júlí 1981.

Nr. 448.

AUGLÝSING**um breytingu á gjaldskrám rafveitna.**

Samkvæmt 25. gr. Orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gildandi gjaldskrám rafveitna, er taki gildi frá og með 1. ágúst 1981:

Rafveita Akraness. Allir gjaldskrárliðir hækki um 6.4% nema hitataxtar D1—D6, er verði óbreyttir.

Rafveitur annarra sveitarfélaga.

Allir gjaldskrárliðir hækki um 9.5%.

Iðnaðarráðuneytið, 30. júlí 1981.

Hjörleifur Guttormsson.

Guðrún Skúladóttir.